

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B22-26

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 22-26

Nr. 159-195

2004

Efnisyfirlit B 22–26 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
159	17. feb.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 705/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	549
160	18. feb.	Auglýsing um staðfestingu á deiliskipulagi framhaldsskóla-lóðar við Grundargötu í Grundarfirði	549-550
161	18. feb.	Reglugerð um afnám reglugerðar nr. 190, 8. mars 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Snæfellsnesi	551
162	19. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 523, 8. júní 2003, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2003/2004	552
163	19. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, J-reita, Akureyri	552
164	13. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 49 14. janúar 2002 um starfsstig innan lögreglunnar	553
165	6. feb.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá kaldavatsnveitu Grímsnes- og Grafningshrepps og nýja gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld	553-556
166	11. feb.	Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald í Vesturbyggð	556-560
167	16. feb.	Gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps	560-563
168	13. feb.	Auglýsing um deiliskipulag við Hvítárbraut 43 og 43a í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi	564
169	17. feb.	Lögreglusamþykkt fyrir Reykjanesbæ	564-568
170	19. feb.	Reglugerð um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2004	568-572
171	3. feb.	Auglýsing um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Árnesinga	572-574
172	11. feb.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Leirár- og Melahreppi	574-575
173	13. feb.	Gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn	575-576
174	11. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, lóð nr. 32 við Eyrargötu, Eyrarbakka, Sveitarfélaginu Árborg	576
175	11. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Heiðargerði-Melgerði og Sunnugerði	577
176	11. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Grænamörk 10, lóð NLFÍ	577
177	11. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, svæði við Dvergasteina, Stokkseyri, Sveitarfélaginu Árborg	578
178	11. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Esjumelar, stofnstigur	578
179	11. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Jafnasel 2-4	579

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 2004

17. febrúar 2004

549

Nr. 159

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 705/2003 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna
innflutnings á gúlrotum í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0706.1000	Gulrætur og næpur	17.02-30.06.04	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu,
verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

18. febrúar 2004

Nr. 160

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi framhaldsskólalóðar
við Grundargötu í Grundarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðar sem haldinn var þann 12. febrúar 2004, var sam-
þykkt tillaga að deiliskipulagi framhaldsskólalóðar við Grundargötu 44 í Grundarfirði.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem liggur milli Grundargötu 42 og 50. Svæðið er skil-
greint sem miðsvæði í aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 og afmarkast af íbúðarsvæði
við Sæból í norðri og vestri, Grundargötu í suðri og miðsvæði í austri.

Deiliskipulagstillagan var afgreidd samkvæmt 23. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Grundarfirði, 18. febrúar 2004.

Eypór Björnsson bæjarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 2004

18. febrúar 2004

551

Nr. 161

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 190, 8. mars 2001,
um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Snæfellsnesi.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 190, 8. mars 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Snæfellsnesi.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 19. febrúar 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. febrúar 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 2004

Nr. 162

552

19. febrúar 2004

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 523, 8. júní 2003,
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2003/2004.

1. gr.

Í stað: „497.345 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 737.345 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. febrúar 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 163

19. febrúar 2004

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis, J-reita, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. febrúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Naustahverfi. Breytingin felst í því að í stað eininga með einbýlishúsi og parhúsi á tveimur hæðum ásamt sérstæðum bílgeymslum komi einbýlishús með innbyggðri eða sérstæðri bílgeymslu og parhús á 1-2 hæðum með innbyggðum bílgeymslum.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 19. febrúar 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 2004

13. febrúar 2004

553

Nr. 164

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 49 14. janúar 2002
um starfsstig innan lögreglunnar.

1. gr.

2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar breytist svo:
Í stað ártalsins „2004“ kemur: 2007.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. febrúar 2004.

Björn Bjarnason.

Kristrún Kristinsdóttir.

6. febrúar 2004

Nr. 165

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu
Grímsnes- og Grafningsshrepps og nýja gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld.

A. Kaldavatnsveita.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps auglýsir breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu sveitarfélagsins. Samþykkt er að tengigjöld (stofngjöld) í gjaldskrá kaldavatnsveitu sveitarfélagsins vegna ársins 2004 hækki um 12%.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Vatnsgjald 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati eignar skv. 7. gr. laga nr. 81/1991, með breytingum skv. ákv. 3. gr. laga nr. 149/1995, með breytingum skv. ákv. 1. gr. laga nr. 143/2000.

Tengigjald (stofngjald) á lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verður kr. 294.843.

Tengigjald fyrir frístundahús (sumarhús) og íbúðarhús verður kr. 149.414.

Gjald fyrir kalt vatn á óbyggðum lóðum þar sem beðið hefur verið um tengingu, kr. 3.000 á ári.

B. Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld í þéttbýli.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum í þéttbýli, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar á þeim þéttbýlisstöðum í Grímsnes- og Grafningshreppi sem greiða gatnagerðargjöld til sveitarfélagsins samkvæmt þessari gjaldskrá. Það skal notað til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum, þ.m.t. vegna götulýsingar, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða. Innifalið í gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarsetningu byggingar og staðsetningu lóðarmarka.

3. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

- a) Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísistöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir miðað við byggingarvísitölu 287,8 stig í janúar 2004:

- Einbýlishús með bílgeymslu	8,5%	7.631 kr./m ² húss
- Parhús með bílgeymslum	7,5%	6.734 kr./m ² húss
- Raðhús með bílgeymslum	7,0%	6.284 kr./m ² húss
- Fjölbýlishús með bílgeymslum	4,0%	3.590 kr./m ² húss
- Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði	3,5%	4.040 kr./m ² húss
- Iðnaðarhúsnæði	3,0%	3.141 kr./m ² húss
- Hesthús	3,0%	3.141 kr./m ² húss
- Gróðurhús og fl. tengt landbúnaði	1,0%	1.347 kr./m ² húss

- b) Flatarmál byggingar skal reikna eftir ÍST 50. Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.
- c) Fyrir lagnakjallara og glerskála með gagnsæju þaki greiðist ekki gatnagerðargjald.
- d) Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist í janúarmánuði hvers árs í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (89.775 kr./m², byggingarvísitala 287,8 stig í janúar 2004).

4. gr.

Lágmarksgjald.

Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds skal að jafnaði miðað við eftirfarandi stærðir:

- Einbýlishús með bílgeymslu	160 m ² pr. íbúð
- Parhús með bílgeymslum	115 m ² pr. íbúð
- Raðhús með bílgeymslum	105 m ² pr. íbúð
- Fjölbýlishús með bílgeymslum og sameign	115 m ² pr. íbúð

Lágmarksgjald skal þó aldrei vera hærra en skv. 3. gr. laga nr. 17/1996.

5. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að haga greiðslu gatnagerðargjalds sem hér segir: Innan eins mánaðar frá undirskrift lóðarleigusamnings eða útgáfu byggingarleyfis á eignarlóð skal greiða 30% af álögðu gatnagerðargjaldi, 30% innan 6 mánaða og 40% þegar lokið er lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu.

6. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en sex mánuði.

Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum einn mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt óverðbætt og án vaxta.

Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

7. gr.

Afturköllun lóðarúthlutunar og heimild til afturköllunar byggingarleyfis, ef gatnagerðargjald er ekki greitt.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og er hreppsnefnd þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveða svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, fellur lóðarúthlutun úr gildi og endurgreiðast þá gatnagerðargjöld samkvæmt 6. gr. a-lið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e.a.s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

8. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.**Lögveðsréttur.*

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Áfangaskipting framkvæmda.

Í þeim tilvikum að lóðarhafi eða lóðareigandi ætli að byggja í áföngum, getur sveitarstjórn heimilað áfangaskiptingu gatnagerðargjalds og skal þá gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipting heimiluð falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykkt áfangaskiptingu eða samþykktir sveitarstjórnar.

10. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Gímsnes- og Grafningshrepp fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem sveitarstjórnir hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, sbr. 2. tölulið í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

11. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 21. janúar 2004 skv. heimild í lögum nr. 17/1996 um gatnagerðargjald og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 6. febrúar 2004.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

SAMÞYKKT**um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu
og byggingarleyfisgjald í Vesturbyggð.**

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Vesturbyggð, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Gatnagerðargjald.
- B. Stofngjald vatnsveitu.
- C. Holræsagjald.
- D. Byggingarleyfisgjald.

Öll framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulyðsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjur og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi. Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skv. 1. gr. skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skv. 1. gr. skal varið til lagningar og viðhalds holræsa (fráveitna).

Tekjur sveitarfélagsins vegna byggingarleyfisgjalds skv. 1. gr. skulu standa undir þeim kostnaði sem tilgreindur er í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum:

- 3.a: Einbýlishúsalóðir: kr. 1.300 pr. m² lóðar og kr. 1.300 pr. m² brúttógólfflatarmáls húss.
- 3.b: Parhúsa- og raðhúsalóðir: kr. 1.200 pr. m² lóðar og kr. 1.200 pr. m² brúttógólfflatarmáls húss.
- 3.c: Fjölbýlishúsalóðir: kr. 1.000 pr. m² lóðar og kr. 1.000 pr. m² brúttógólfflatarmáls húss.
- 3.d: Atvinnu- og iðnaðarhúsalóðir: kr. 1.100 pr. m² lóðar.
- 3.e: Verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðir og aðrar, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar: kr. 1.500 pr. m² lóðar og kr. 1.500 pr. m² brúttógólfflatarmáls húss.
- 3.f: Hesthúsalóðir: kr. 500 pr. m² lóðar.

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar sótt er um lóð skv. 3.a, 3.b, 3.c eða 3.e hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt hámarksnýtingarhlutfalli lóðar skv. viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttógólfflatarmál. Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum á íbúðarhúsalóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3.a, 3.b eða 3.c, eftir því sem við á, en þó einungis á grundvelli gólfflatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.

4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

- 1. Við úthlutun lóða í eigu sveitarfélagsins 20% gatnagerðargjalds.
- 2. Við útgáfu byggingarleyfis
 - 2.1. Á lóðum í eigu sveitarfélagsins 30% gatnagerðargjalds.
 - 2.2. Á lóðum í eigu annarra 50% gatnagerðargjalds.
- 3. Við útgáfu fokheldisvottorðs 20% gatnagerðargjalds.
- 4. Innan eins árs frá útgáfu fokheldisvottorðs 30% gatnagerðargjalds.

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. 1. tl. og tl. 2.2. hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrr en á greiðsludegi. Bæjarstjórn getur frestað innheimtu 4. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fokhelt.

5. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

Tegund byggingar		Grunngjald	m ³ -gjald	Athugasemdir
A	Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	20.000	150	m ³ -gjald þó ekki lægra en 45.000
B	Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis	20.000	100	m ³ -gjald þó ekki lægra en 45.000
C	Iðnaðarhúsnæði	40.000	80	m ³ -gjald þó ekki lægra en 65.000
D	Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	60.000	150	m ³ -gjald þó ekki lægra en 120.000
E	Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.þ.h.	60.000	150	m ³ -gjald þó ekki lægra en 120.000
F	Frístundahús	5.000	150	m ³ -gjald þó ekki lægra en 30.000
G	Útihús á lögbýlum	5.000	80	m ³ -gjald þó ekki lægra en 15.000
H	Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minni	20.000	150	m ³ -gjald þó ekki lægra en 15.000
I	Niðurrif húsa	5.000	0	
J	Endurnýjun eldra byggingarleyfis	5.000	0	

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

Tegund þjónustu:		Gjald, kr.	Athugasemdir
1	Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h.	4.500	
2	Lóðarúthlutunargjald	15.000	Óendurkræft, þó lóðarúthlutun gangi til baka
3	Fokheldisvottorð	6.000	
4	Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000	
5	Lokavottorð	10.000	
6	Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.000	
7	Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000	
8	Endurskoðun aðaluppráttanna	6.000	
9	Gerð stofnskjals vegna lóða	3.000	Þegar hús er fokhelt
10	Aukaúttekt byggingarfulltrúa	10.000	

6. gr.

Stofngjald fráveitu (holræsa) skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitu í eigu Vesturbyggðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar		Grunngjald	m ³ -gjald	Athugasemdir
A	Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 400
B	Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 1.000

7. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Vesturbyggðar. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar		Grunngjald	m ³ -gjald	Athugasemdir
A	Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	30.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 400
B	Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	40.000	20	m ³ -gjald af m ³ umfram 1.000

8. gr.

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er september 2003 (285,9 stig) og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996.

Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust. Stofngjöld vatnsveitu og fráveitu skulu endurgreidd með sama hætti og gatnagerðargjald. Endurgreiðslu gatnagerðargjalds og tengigjalds vatnsveitu og fráveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt graftarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Vest-

urbyggð skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

10. gr.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Holræsagjald byggir á ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. mars 2004, og falla þá úr gildi eldri samþykktir um sama efni.

Hafi hluti gatnagerðargjalds af íbúðarlóð á Bíldudal eða Patreksfjarðarkauptúni verið greiddur fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skal miða útreikning heildargatnagerðargjalds af viðkomandi lóð, svo og gjalddaga, við ákvæði þeirrar gjaldskrár sem í gildi var er þau gjöld voru greidd.

Samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar þann 11. febrúar 2004.

Vesturbyggð, 11. febrúar 2004.

Brynjólfur Gíslason bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi hitaveitunnar og hún hefur umráðarétt yfir, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra nr. 252/2001, með síðari breytingum fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu.

Hitaveitan lætur setja rennismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan ræður gerð rennismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétt reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps rekur nú tvö aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatn sem hefur mismunandi hita. Þessi svæði eru annars vegar á og við Borgarsvæðið með vatn frá Vaðnesi, hér eftir nefnd Borgarveitan og hins vegar austari hluti Grímsness, með vatn frá Kringlu, hér eftir nefnd Kringluveitan. Gjald fyrir eininguna af heitu vatni (m^3 eða l/mín) verða því mishá eftir svæðum.

5. gr.

Borgarveitan:**A. Hemlagjald (varmagjald):**

Greiða skal hemlagjald fyrir sumarbústaði, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sér-samningum. Lámarksstilling er 2,0 l/mínútu. Hemlagjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði er kr. 1.195.

B. Eldri samningar:

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulítra kr. 698 á mánuði.

C. Rúmmetragjald skv. mæli:

Greiða skal varmagjald fyrir almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnaði og gróðurhús. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 33.

Mælagjald á mánuði

C1 Stærð mælis/hemils DN 15	kr. 623
C2 Stærð mælis/hemils DN 20	kr. 890
C3 Stærð mælis/hemils DN 25	kr. 1.101
C4 Stærð mælis/hemils DN 32	kr. 1.312
C5 Stærð mælis/hemils DN 40	kr. 1.524
C6 Stærð mælis/hemils DN 50	kr. 2.086

D. Stofngjöld:

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð, allt að 25 m talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð, og ein mælagrind.

D1 fyrir húsrými allt að 300 m^3 og gróðurhús allt að 200 m^2	kr. 61.311
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss	kr. 153

D2 fyrir húsrými stærra en 300 m ³ og gróðurhús stærra enn 200 m ²	kr.	74.085
Fyrir hvern rúmmetra húss/ferm. gróðurhúss umfram 300 m ³ /200 m ²	kr.	119
D3 fyrir sumarhús		
Stofngjald fyrir húsveitu	kr.	269.527
D4 gjald fyrir auka mælagrind	kr.	49.177

Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 1.846 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð umfram 25 m.

E. Önnur gjöld:

Lokunargjald	kr.	2.928
Aukaálestur	kr.	2.928

6. gr.

Kringluveitan:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Fast mánaðargjald hjá þeim notendum sem kaupa heitt vatn eftir hemli eða mæli skal vera krónur:

E1 Stærð mælis/hemils DN 15	kr.	623
E2 Stærð mælis/hemils DN 20	kr.	890
E3 Stærð mælis/hemils DN 25	kr.	1.101
E4 Stærð mælis/hemils DN 32	kr.	1.312
E5 Stærð mælis/hemils DN 40	kr.	1.524
E6 Stærð mælis/hemils DN 50	kr.	2.086

Vatnsgjald er kr. 1.792 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Lámarksstilling er 2,0 l/mínútu.

Rúmmetragjald skv. mæli skal vera 55 kr./m³.

Stofngjald.

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

F1 íbúðarhús allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ²	kr.	269.527
Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða		586 kr./m ³
F2 vélageymslur og gripahús allt að 300 m ³	kr.	175.778
Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða		381 kr./m ³
F3 fyrir sumarhús		
Stofngjald fyrir húsveitu	kr.	269.527
F4 auka mælagrind		
Mælagrindargjald	kr.	45.117

Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 1.846 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð umfram 25 m.

Önnur gjöld.

Lokunargjald	kr.	2.928
Aukaálestur	kr.	2.928

7. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. gr. og 6. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, í bönkum eða pósthúsum. Gjald-dagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

8. gr.

Gjöld skv. 5. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er veitustjórn heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki/fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 28. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps og 79. gr. laga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 27. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Allan raunkostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal veittur hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. desember 2003, staðfestist hér með skv. orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. apríl 2004 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 221, 24. mars 2003.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. febrúar 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Hvítárbraut 43 og 43a í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samþykkt deiliskipulag við Hvítárbraut 43 og 43a í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið nær yfir tvær frístundalóðir, lóð nr. 43 sem er byggð og lóð nr. 43a þar sem gert er ráð fyrir frístundahúsi.

Deiliskipulag þetta sem auglýst er með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 13. febrúar 2004.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Reykjanesbæ.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Reykjanesbæjar.

2. gr.

Með almannafæri er átt við götur og svæði, ætluð til almenninga, og eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, íþróttamannvirki, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn, bryggjur o. fl.

3. gr.

Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur.

4. gr.

Á almannafæri má eigi viðhafa háttsemi, sem truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum. Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

5. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun tækja og annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi hávaða, ónæði eða truflun. Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturro manna.

6. gr.

Húseigendur eða umráðamenn húseigna skulu halda tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er, svo og hreinsa snjó af húspökum og fjarlægja grýlukerti, sem valdið geta hættu fyrir vegfarendur. Gluggaþvott má ekki framkvæma nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga og trjágróðurs þar sem svo háttar til að hann hamlar umferð vegfarenda um gangstéttar eða tálmar útsýni við gatnamót.

7. gr.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti eða festa upp auglýsingar á almannafæri nema með leyfi bæjaryfirvalda. Slíkar auglýsingar skal auglýsandi fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er honum skylt að bæta úr spjöllum er uppsetning eða brottnám auglýsinga kann að hafa valdið.

Leyfi skipulags- og byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar.

Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til náðýlis- eða grenndarréttar.

Bæjarstjórn getur sett reglur sem kveða á um frekari skilyrði varðandi auglýsingar og varanleg mannvirki sem tengjast auglýsingum, auglýsingaskiltum og skyldum hlutum.

8. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, íþróttasvæði, leikvelli og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

9. gr.

Á almannafæri og annars staðar á eignarlandi bæjarins má ekki nota skotvopn, halda flugeldasýningar, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum nema með leyfi lögreglustjóra/slökkviliðsstjóra.

10. gr.

Bannað er að leggja ökutækum sem eru meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd í íbúðarhverfum. Þó má leggja ökutæki, sem ætlað er til einkanota og er allt að 5000 kg að leyfðri heildarþyngd, í innkeyrslu íbúðarhúsa eða á bifreiðastæðum fjölbýlishúsa með samþykki umráðamanna húsnæðisins eða meirihluta húsfundar ef um fjölbýlishús er að ræða. Bann við lagningu ökutækja gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra, nema verið sé að vinna á viðkomandi stað. Umferð vörubifreiða, sendibifreiða, fólksflutningabifreiða og vinnuvéla um íbúðarhverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum. Bæjarstjórn, í samráði við lögreglustjóra, getur veitt undanþágu frá reglum þessarar málsgreinar ef talið er að slíkt leiði ekki til slysaþættu, ónæðis eða óþæginda fyrir íbúa.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum. Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu, en eigi má hindra för ökutækis að óþörfu.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, báta, hestaflutningsvagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslur bæjarins bifreiðar og önnur skráningarskyld tæki, sem standa án skráningarnúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni, ef hann er þekktur, um flutninginn og bera þessir aðilar kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

Allur akstur vélknúinna torfærutækja, svo sem fjórhjóla, er bannaður í landi bæjarins, en bæjarstjórn getur heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum.

11. gr.

Þeir sem flytja farm um götur bæjarins skulu gæta þess, að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrifnaði. Allan óþrifnað, sem valdið er af þessum sökum, er farmflytjanda skylt að hreinsa upp þegar í stað.

Losun hvers kyns úrgangs, sorps, jarðefna og annars er veldur óþrifnaði er bönnuð í bæjarlandinu nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að sjá til þess að hreinsa upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óþrýði við hús þeirra eða starfsstöð, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

Hvers kyns taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er óheimil í bæjarlandinu, þ.m.t. fjörur, nema með samþykki bæjaryfirvalda.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða, vinnuvéla og annarra ökutækja ganga að óþörfu, svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

12. gr.

Lausaganga búfenaðar í umdæmi bæjarins er bönnuð og búfenað má ekki reka lausan um götur bæjarins.

13. gr.

Hundahald er bannað í bæjarfélaginu að undanskildum þarfahundum á lögbýlum, leit-arhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötlöðu fólki.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágur til hundahalds.

Sá er leyfi hefur til hundahalds skal sjá til þess að hundur valdi eigi ónæði með spangóli eða gelti, að hann gangi aldrei laus á almannafæri og gæta fullkomins hreinlætis í meðferð hans og meðal annars fjarlægja hundaskít.

Nánari reglur og skilyrði eru í sérstakri samþykkt um hundahald í Reykjanesbæ, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandahreppi og Hafnahreppi, sem nú gildir um hundahald í bæjarfélaginu, eða samkvæmt gildandi samþykktum á hverjum tíma.

14. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt er eiganda eða verktaka skylt að haga sér samkvæmt þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði.

15. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir.

Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnuméri, eða nafni þar sem það á við, og sjá um viðhald og endurnýjun þess, ef á þarf að halda. Ef þess er kostur skal velja húsnumeri stað á viðkomandi fasteign þar sem það sést frá þeirri götu, sem hún stendur við.

16. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

17. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða og annað þessu skylt má selja á almannaþæri.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu/farandsölu á torgum og öðrum stöðum. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

18. gr.

Opnunartími veitingastaða, verslana, annarra þjónustufyrirtækja og heimsendingarþjónustu er frjálfs, að því marki sem heimilt er í lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim s.s. reglum um leyfi til áfengisveitinga, en bæjarstjórn getur þó takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

19. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu skal sjá svo um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Þar sem heimilt er að sýna nektardans (nektardansstað), skal tryggt að sýning fari fram í rúmgóðu húsnæði og er sýnendum óheimilt að fara um meðal áhorfenda. Hvers konar einkasýningar eru óheimilar.

20. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er óheimil. Bæjarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi sem tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en 4 ára og bundið við nafn leyfishafa. Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn, með 3 mánaða fyrirvara, afturkallað leyfið.

Atvinnurekstri í húsnæði sem liggur að íbúðarbyggð skal jafnan hagað þannig að ekki hljótist af ónæði eða truflun fyrir þá, sem næst búa. Gildir það jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst. Bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um slíka starfsemi ef ástæða þykir.

Enginn má reka knattborð, spilakassa, tölvuspil, leiktæki eða skylda starfsemi gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað, og skulu starfsmenn leiktækja- og spilastofa ekki vera yngri en 18 ára. Börnum innan 16 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum eftir kl. 20.00 nema í fylgd með forsjáraðila.

21. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða eða sölu notaðra bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Bæjarstjórn veitir leyfi í tiltekinn tíma, ákveður gjald fyrir leyfið sem rennur í bæjarsjóð, og getur takmarkað leyfi við ákveðinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði er þurfa þykir.

22. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt samkvæmt lögreglusamþykktinni eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamaninum eða ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

23. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt varðar sektum. Sama á við um brot á reglum sem settar eru samkvæmt lögreglusamþykkt.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

24. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjanesbæ nr. 355 frá 30. apríl 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. febrúar 2004.

Björn Bjarnason.

Kristrún Kristinsdóttir.

REGLUGERÐ

um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2004.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókun við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs.

2. gr.

Veiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu. Ekki skulu fleiri en þrjú norsk skip hafa leyfi til línuveiða samtímis.

Norsk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til línuveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

3. gr.

Norskum skipum sem hafa leyfi til línuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð, er heimilt að veiða samtals 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu m.v. afla upp úr sjó. Auk þess er þeim heimilt að veiða alls 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 25 tonn af lúðu, 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó.

Í veiðiferð skal afli í öðrum tegundum en keilu, löngu og blálöngu ekki vera meiri, en sem nemur 25% af samtals afla skipsins í keilu, löngu og blálöngu. Lúðuafli skal ekki vera meiri en sem nemur 5%, og afli af grálúðu og karfa ekki meiri en sem nemur 10% í hvorri tegund.

Fari afli í einhverri einstakri tegund, annarri en keilu, löngu eða blálöngu, yfir 50% af heildarafla þegar lína er dregin, er óheimilt að leggja línuna aftur nær þeim stað en 5 sjómílur.

Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í skipinu.

Leyfi norskra skipa til línuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem ákveðinn er í þessari grein.

4. gr.

Norskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða er einungis heimilt að stunda veiðar sunnan 64°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975.

Óheimilt er, í sömu veiðiferð, að stunda jafnframt línuveiðar utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

5. gr.

Norsk skip sem leyfi hafa fengið til línuveiða skulu búin fjaraskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar, Landhelgisgæslu og Fiskistofu samkvæmt ákvæðum í fjareftirlitssamningi Fiskistofu Íslands og Fiskistofu Noregs sem kom til framkvæmda 1. ágúst 2000.

6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um eina af eftirfarandi athugunarstöðvum:

- a) 66°00'N – 08°00'V
- b) 65°00'N – 11°00'V
- c) 64°00'N – 12°00'V
- d) 63°30'N – 16°00'V
- e) 63°00'N – 20°00'V
- f) 63°30'N – 25°00'V
- g) 65°00'N – 27°00'V

Athugunarstöðvum, sbr. 1. mgr., verður breytt með sérstakri reglugerð ef þróun veiða gefur tilefni til.

Skip geta í samráði við og með samþykki Landhelgisgæslunnar, haldið til annarra athugunarstöðva eða íslenskrar hafnar í stað athugunarstöðvar, sbr. 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstöð áður en tilkynntur komutími er liðinn, sbr. 7. gr., 10. gr. og 11. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

7. gr.

Áður en skip kemur inn í fiskveiðilandhelgi Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 6. gr., og fyrirhugaður komutími í athugunarstöðina.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr. Þó þarf ekki að tilgreina athugunarstöð sbr. síðasta lið.

8. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

9. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

10. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og áætlaður komutími í athugunarstöð.

Löndunarhöfn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstöðvar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

11. gr.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 9. gr. og um komu í athugunarstöð sbr. 10. gr. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga ákvæði 10. gr. við að öðru leyti en því að í stað orðsins „athugunartilkynning“ (control report), koma orðin „loka- og athugunartilkynning“ (exit and control report).

12. gr.

Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

13. gr.

Skipstjórum norskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirætlum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun geti farið fram.

Norskum skipum er skylt að halda afladagbók, skv. íslenskum reglum og skal hún sýnd eftirlitsaðilum þegar óskað er. Jafnframt skulu Hafrannsóknastofnuninni send afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Leyfisbréf og reglur um veiðar skulu geymdar um borð í skipinu.

Tilkynningar samkvæmt 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku og skulu tímasetningar vera samkvæmt íslenskum tíma.

14. gr.

Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil.

Við útreikning á afla um borð í afla upp úr sjó skal margfalda með eftirtöldum umreikni-stuðlum:

	Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó		Úr slægðum í fisk upp úr sjó
	með klumbubeini	án klumbubeins	
Keila	1,47	1,56	1,11
Langa	1,41	1,50	1,19
Blálanga	1,41	1,50	1,19
Steinbítur/hlýri	1,45	1,59	1,11
Grálúða	1,39	1,42	1,09
Lúða	1,36	1,39	1,09
Karfi	1,61	1,82	1,06
Þorskur	1,55	1,70	1,19
Ýsa	1,47	1,61	1,19
Ufsi	1,39	1,49	1,19
Aðrar tegundir	1,30	1,40	1,10

15. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum samnings ríkjanna, sbr. 1. gr.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. febrúar 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 171

3. febrúar 2004

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Árneseinga.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Árneseinga, sem samþykkt var af héraðsnefnd Árneseinga hinn 14. desember 2001 og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 3. febrúar 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Árneseinga.

1. gr.

Heiti skólans er Tónlistarskóli Árneseinga. Skólinn er eign sveitarfélaga í Árneseyslu og fer héraðsnefnd Árneseinga með yfirstjórn hans. Heimili tónlistarskólans og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Skólinn starfar eftir ákvæðum gildandi laga og reglugerða um tónlistarskóla og tónlistarfræðslu.

Skólasterfið fer fram í einstökum aðildarsveitarfélögum eftir því sem nemendafjöldi gefur tilefni til.

3. gr.

Markmið með rekstri skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og stuðla að eflingu tónlistarlífs í héraðinu. Þessu markmiði hyggst skólinn meðal annars ná með því:

- Að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námsskrá tónlistarskóla.
- Að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
- Að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi.

- Að búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist.
- Að gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun.

4. gr.

Héraðsnefnd Árnesinga kýs þrjá menn í skólanefnd Tónlistarskóla Árnesinga og jafnmarga til vara á árlegum vorfundi sínum.

Skólanefnd heldur fundi eftir því sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála á stjórnarfundum. Skólanefnd skiptir með sér verkum á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar og kýs sér formann, varaformann og ritara.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sitja skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Skólanefnd Tónlistarskóla Árnesinga starfar í umboði héraðsnefndar Árnesinga. Hún hefur á hendi stjórn tónlistarskólans, markar honum stefnu, sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti og fer með öll mál er skólan varða.

Skólanefnd semur og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlun tónlistarskólans fyrir ár hvert og fylgist með fjárhag hans og ráðstöfun fjár. Fjármál skólans eru að öðru leyti á ábyrgð skólastjóra sem annast daglegan rekstur hans í umboði skólanefndar. Skólanefnd sendir héraðsnefnd starfsáætlun og rökstudda beiðni um fjárframlag fyrir komandi starfsár í síðasta lagi 15. nóvember ár hvert til afgreiðslu á haustfundi héraðsnefndar Árnesinga. Jafnframt skal skólanefndin senda héraðsnefnd ársskýrslu og endurskoðaðan ársreikning liðins árs fyrir 1. mars ár hvert.

Héraðsnefnd setur skólanefndinni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verkefni og starfshætti nefndarinnar.

6. gr.

Skólanefnd Tónlistarskóla Árnesinga ræður skólastjóra. Nefndin ræður aðstoðarskólastjóra að fenginni tillögu skólastjóra.

Skólastjóri starfar í umboði skólanefndar og annast hann daglega stjórnun skólans í samráði við skólanefnd. Hann skal starfa samkvæmt ráðningarsamningi sem skólanefndin samþykkir. Ráðningarkjör skulu ákvörðuð af héraðsráði.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfmenn í samræmi við samþykktu starfs- og fjárhagsáætlun skólans og í samráði við skólanefnd.

7. gr.

Tekjustofnar skólans eru þessir:

- Framlög sveitarfélaga
- Skólagjöld nemenda
- Tekjur af eignum
- Sala á þjónustu
- Frjáls framlög og gjafir

8. gr.

Héraðsnefnd Árnesinga og aðildarsveitarfélög hennar skuldbinda sig til þess að greiða allan launakostnað og launatengd gjöld vegna skólans, eftir svofelldri reikniaðferð.

- 75% kostnaðar miðast við fjölda kennslustunda á hvert sveitarfélag
- 25% kostnaðar miðast við íbúafjölda hvers sveitarfélags

Hvert sveitarfélag fyrir sig sér um að húsnæði sé til staðar fyrir tónlistarkennslu.

9. gr.

Til að breytingar á reglugerð þessari nái fram að ganga þarf til þess samþykki 2/3 hluta fulltrúa í héraðsnefnd Árnesinga, nema hvað varðar breytingar er beinlínis stafa af breyttri löggjöf.

10. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af héraðsnefnd Árnesinga 14. desember 2001.

Hjörleifur Brynjólfsson,
oddviti héraðsnefndar Árnesinga.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Leirár- og Melahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðiseftirlits Vesturlands, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Ábúendur eða eigendur lögbýla og íbúða fá afhenta 360 lítra tunnu fyrir heimilisúrgang sem losað verður á um það bil 10 daga fresti. Eigendur sumarbústaða og hjólhýsa, sem notuð eru sem sumarfélagið og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma heimilisúrgangi í gáma eða ker sem sveitarfélagið tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

3. gr.

Í sorpgáma og tunnur má aðeins setja heimilisúrgang.

4. gr.

Óheimilt er að setja í gámana, kerin eða tunnurnar mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Þess konar úrgang sem fellur til skal koma með á afmarkað svæði í þar til gerða gáma eða á viðurkenndan móttökustað samkvæmt nánari fyrirætlun sveitarstjórnar og heilbrigðiseftirlits. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

5. gr.

Leirár- og Melahreppur skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er hreppnum heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu eða fyrirtæki miðað við fjölda sorpláta eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Leirár- og Melahreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits eða oddvita hreppsins.

7. gr.

Brjótí eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð úrgangs skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða heilbrigðiseftirlits Vesturlands, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Óheimilt er sorphirðumönnum eða öðrum að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Leirár- og Melahrepps er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs., sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

Norðurorku fyrir heitt vatn.

1. gr.

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 95.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir.

Fast gjald fyrir hvern mæli:

15 mm	26,95 kr./dag
20 mm	64,90 kr./dag
25 mm	130,35 kr./dag
32 mm	260,70 kr./dag
40 mm	521,40 kr./dag
50 mm	1.042,80 kr./dag

Innheimtugjald:

Lokunargjald	1.383 kr.
Mælaálestrargjald	806 kr.
Seðilgjald	150 kr.

Á þessi gjöld leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 159, 20. desember 2002 um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 27/1998, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. febrúar 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017,
lóð nr. 32 við Eyrargötu, Eyrarbakka, Sveitarfélaginu Árborg.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að lóð nr. 32 við Eyrargötu, Eyrarbakka, þar sem landnotkun er verslun og þjónusta, breytist í verslun og þjónusta, opinber stofnun og íbúðir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Heiðargerði-Melgerði og Sunnugerði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Breytingin felst í því að svæði fyrir opinberar stofnanir (þjónustustofnanir) austan Heiðarvegar stækkar til austurs að Melgerði og til suðurs að lóðum við Sunnugerði og opið svæði, merkt Ú5 útivistarsvæði, minnkar sem því nemur. Einnig stækkar íbúðarsvæði norðan Sunnugerðis að Melgerði og til vesturs til móts við tengigötu að Austurvegi og við þá breytingu minnkar svæði fyrir opinberar stofnanir og opið svæði sem nemur stækkun íbúðarsvæðisins.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Grænamörk 10, lóð NLFÍ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að stofnanalóð breytist í blandaða landnotkun, stofnanasvæði og íbúðarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, svæði við Dvergasteina, Stokkseyri, Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016 frá 7. október 1996.

Breytingin felst í því að að 3600 m² reitur fyrir opinberar stofnanir, verslun og þjónustu verður reitur fyrir íbúðir, opinberar stofnanir og verslun og þjónustu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Esjumelar, stofnstígur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að bætt er við stofnstíg sem nær frá Leirvogsa að fyrirhuguðum undirgöngum norðan athafnasvæðis að Esjumelum. Lega stígsins er á mörkum athafnasvæðisins og fyrirhugaðrar blandaðrar byggðar sem ráðgerð er eftir árið 2024.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Jafnasel 2-4.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að athafnasvæði á reit við Jafnasel verður miðsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, Víðihlíð og svæði norðan byggðar.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Vegtenging milli Austurvegar og fyrirhugaðs vegar norðan byggðar fellur út.
- Vegtenging að svæði merktu S4 færir til norðurs.
- Nýr vegur kemur frá Víkurbraut að Austurvegi.
- Þjónustusvæði norðan við Víðihlíð fellur út.
- Þjónustusvæði austan við svæði S4 bætist við.
- Blandað svæði fyrir íbúðir og þjónustu við Víðihlíð minnkar að vestanverðu.
- Íbúðarsvæði norðan Austurvegar stækkar.
- Miðsvæði við Stamphólsveg norðan við svæði S5 breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

	kr.
Íbúðir	10.000
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun	4.000
Fyrirtæki:	
Flokkur 1:	3.000
Flokkur 2:	6.000
Flokkur 3:	10.000
Flokkur 4:	25.000
Flokkur 5:	50.000
Flokkur 6:	100.000
Flokkur 7:	180.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum og lögbýlum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjald dagar eru fimm: 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 15. janúar 2004.

Þingeyjarsveit, 15. janúar 2004.

Jóhann Guðni Reynisson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa:

0-2000 lítrar	3.600 krónur
2001-4000 lítrar	4.300 krónur
4001-6000 lítrar	5.000 krónur

Rotþróarlosunargjald er innheimt fyrir hverja losun ef rotþró er yfir 6.000 lítrar að stærð: 2.200 krónur á rúmmetra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfs-svæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanskildum Húsavíkurbæ frá 1. september, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 15. janúar 2004.

Þingeyjarsveit, 15. janúar 2004.

Jóhann Guðni Reynisson sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélagið Flóku í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélagið Flóka. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að fiskihverfi Flóku, sem nær frá Ósi að Drangi við Flókadalsá og að neðsta fossi í Engjadalsá. Jarðirnar eru Gullberastaðir, Lundur I, Lundur III, Hrísar, Eyri, Skógar, Múlastaðir, Brúsholt, Steðji, Varmalækur, Hellur, Bær, Bær II, Laugabær, Nýi-Bær, Nýi-Bær II, Langholt og Laugarholt. Einnig nær það til lands á Lundartungu á umræddu svæði.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og efla fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem hagkvæmt virðist hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðum, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksár. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir. Bréfum skal halda til haga.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt Veiðifélagsins Flóku nr. 33 frá 23. janúar 1989.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um fráveitur í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Borgarfjarðarsveit starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu, kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Lóðareigendum og húsráðendum sem þar eiga hús að, eða í námunda við fráveitu í eigu Borgarfjarðarsveitar, er skylt að leggja á sinn kostnað fráveitu frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi eða að lóðarmörkum eftir því sem styttra er. Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skólp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

2. gr.

Engum er heimilt að leggja fráveitulögn í aðalfráveitu nema með leyfi hreppsnefndar og er mönnum skylt að lúta í einu og öllu fyrirmælum um gerð og legu fráveitna. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma.

3. gr.

Ekki er heimilt að veita frárennsli er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess. Þar er m.a. átt við eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skólp innihaldi ofangreind efni skal fara með slíkan úrgang samkvæmt reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni eða gera hann óskaðlegan áður en honum er veitt út í holræsakerfið, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

4. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á fráveitum í lóð er lóðarhafa skylt að leggja fram til samþykktar uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð fráveitna. Sá sem uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi og ber hann ábyrgð á að hann sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt uppdrátt stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa, hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrir en samþykktur uppdráttur liggur fyrir.

Samþykki byggingarfulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

5. gr.

Þar sem fráveita hreppsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn um rotþrær og siturlagnir. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar.

Húseigandi ber allan kostnað af lögnum þessum og viðhaldi, en hreppsnefnd getur sett sérstakar reglur um stuðning við þær.

Rotþrær og frágangur þeirra skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og teknar út af byggingarfulltrúa.

Hverja rotþró skal hreinsa eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, og skal hreinsunin vera á vegum Borgarfjarðarsveitar og framkvæmdaraðila með leyfi frá heilbrigðisnefnd.

6. gr.

Kostnaður við holræsakerfi á vegum Borgarfjarðarsveitar greiðist úr hreppssjóði. Til að standa straum af þeim kostnaði, er sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt fráveitugjald, tengigjald við tengingu og árlegt holræsagjald eða rotþróargjald, eftir því hvort á við, til hreppssjóðs.

Stofn til tengigjalda er rúmmetrastærð húseignar, en til holræsagjalda fasteignamat húsa og lóðar. Stofn til rotþróargjalds er að jafnaði stærð rotþróar.

Upphæð þessara gjalda skal ákveðin í gjaldskrá sem hreppsnefnd setur og auglýsir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

7. gr.

Fráveitugjöld samkvæmt 6. gr. greiðast af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð

á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinna skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Hreppsnefnd getur samþykkt að fella niður eða lækkað holræsagjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 5. mgr. 87. gr. vatnalaga, sbr. lög nr. 137/1995.

9. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið með fasteignasköttum.

10. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

11. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 12. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir:

1. Múlavirkjun í Straumfjarðará.
2. Frístundabyggð og heilsársbyggð að Miðhrauni II.
3. Ræktunar- og athafnasvæði við Vegamót.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hjarðarfelli, 19. febrúar 2004.

F.h. hreppsnefndar,

Guðbjartur Gunnarsson oddviti.

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og II. kafla í samþykkt nr. 126/2004 um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins hefur verið ákvarðað í gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld, stofngjöld holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg nr. 790/2003.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi fyrir hverja losun fyrir sig:

Stærð rotþróar í lítrum

Rotþróargjald í kr.

<4.000

13.000

4.001-6.000

15.000

6.001-8.000

17.000

8.001-10.000

21.000

>10.000

2.000 kr. per umfram rúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 1.750.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi við birtingu og til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. janúar 2004.

Selfossi, 9. febrúar 2004.

Einar Njálsson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Íbúðir, íbúðarhúsnæði

kr. 10.700 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélgsins.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 21. janúar 2004.

Selfossi, 9. febrúar 2004.

Einar Njálsson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

Fljótsdalshrepps fyrir útgáfu framkvæmdaleyfa, byggingarleyfa og stöðuleyfa.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 20.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. *Gjaldldagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur gjalda.*

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðast kr. 50 pr. rúmmetra byggingar sem leyfi varðar.

Heimilt er að krefja fyrir hverja yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis gjald á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

Fyrir hverja úttekt skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða hærri gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.

Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. *Gjaldldagar.*

Byggingarleyfisgjald skal greitt við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjaldldaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna.

Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.

Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

C. Stöðuleyfi fyrir vinnubúðir samkvæmt 58. gr. og stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

1. *Fjárhæð og grundvöllur gjalds.*

1.1. *Vinnubúðasvæði.*

Fyrir útgáfu stöðuleyfis vinnubúða á grundvelli 58. gr. byggingarreglugerðar skal greiða grunngjald kr. 10.000. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna, undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa sem hér segir:

a. Vinnubúðir án deiliskipulags: kr. 30.000 til kr. 300.000 eftir umfangi. Við ákvörðun gjalds skal taka mið af fjölda bygginga, staðsetningu vinnubúða og hversu lengi þær eiga að standa. Gjald skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en kostnaður sá er leiðir af útgáfu leyfisins.

b. Deiliskipulagðar vinnubúðir: kr. 100.000 til kr. 1.000.000 eftir umfangi. Sveitarstjórn er heimilt að semja sérstaklega við umsækjanda um stöðuleyfisgjald ef vinnubúðir eru deiliskipulagðar og tengjast framkvæmdaskyldri mannvirkjagerð. Skal þar tekið mið af umfangi, staðsetningu og áætluðum stöðutíma.

c. Heimilt er að krefja sérstaks gjalds fyrir hverja yfirferð byggingarfulltrúa vegna nýrra eða breyttra gagna eftir útgáfu stöðuleyfis. Skal það gjald vera á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

1.2. Önnur tímabundin stöðuleyfi.

Fyrir útgáfu stöðuleyfa skv. 71. gr. byggingarreglugerðar skal greiða grunnjald kr. 7.500. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna og undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa sem hér segir:

- a. Krefist aðstæður þess að byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi komi á vettvang áður en beiðni er afgreidd greiðist á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. Gjald dagar.

Gjöld vegna stöðuleyfis skulu greidd við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við leyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og leyfishafa við útgáfu. Hafi verið gefið út stöðuleyfi fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar en gjalddöku frestað skal fara um gjalddöku samkvæmt gjaldskrá þessari.

Fyrir yfirferð breyttra gagna skal greiða við móttöku gagnanna.

D. Innheimta gjalda - heimildir.

1. Innheimta gjalda.

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

2. Gjaldtökuheimild.

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá nr. 625/2001.

Samþykkt í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps 10. febrúar 2004.

Fljótsdalshreppi, 15. febrúar 2004.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Rangárþingi eystra árið 2004.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) sbr. samþykkt nr. 209/2001 fyrir árið 2004.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald	kr. 9.700 á íbúð/m.v. 1 poka á viku
2. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr. 4.850
3. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr. 3.400
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)	kr. 9.700

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2004.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 23. janúar 2004.

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir byggingarleyfisgjöld í Reykjavík nr. 876/2001.

1. gr.

Við A-lið 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Komi sama byggingarleyfisumsókn til umfjöllunar byggingarfulltrúa eða skipulags- og byggingarnefndar þriðja sinni skal greiða lágmarksgjald að nýju.

2. gr.

Breyting þessi, sem samþykkt er af borgarráði Reykjavíkur með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. febrúar 2004.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Pórólfur Árnason.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hvolsvelli árið 2004.

1. gr.

Af hundum á Hvolsvelli skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Hvolsvallarkauptúni nr. 261/1985.

2. gr.

Skráningargjald er kr. 6.000.
Bráðabirgðaskráning kr. 1.100.

3. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir hvern hund er kr. 6.000.
Ekki er innheimt leyfisgjald það ár sem hundurinn er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, eftirlit, umsjón og skráningu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald kr. 3.000. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 30. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Rangárpings eystra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Hvolsvallarkauptúni, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Hvolsvelli, 13. janúar 2004.

F.h. sveitarstjórnar Rangárpings eystra,
Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um rotþrær í Grindavík.

Gildissvið.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til leyfisveitinga, gerðar, staðsetningar, frágangs og hreinsunar rotþróa í lögsagnarumdæmi Grindavíkurbæjar. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði samþykktar nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæmis Grindavíkur, eftir því sem við á og ákvæði reglugerðar nr. 553/2001 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Skilgreiningar.

2. gr.

Rotþró er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Umhverfisstofnun gefur út leiðbeiningar um stærð, gerð og frágang rotþróa.

Almenn ákvæði.

3. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur, sbr. reglur sem um það gilda á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsókn um rotþró skal senda til byggingarfulltrúa Grindavíkur. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu rotþróar. Með umsókn skal fylgja umsögn heilbrigðisfulltrúa sem kveður á um að fylgt sé útgefnum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir. Lagnir að rotþró eru eign húseiganda.

Grindavíkurbær kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og siturlagna, en húseigandi leggur lagnir að rotþró, sem samþykkt er af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróa er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Húseigandi annast allt viðhald.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum. Hreinsun fer fram á vegum bæjarins og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem máli skiptir til að tryggja að góður árangur náist.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

4. gr.

Í rotþró skal leiða skólp, baðvatn, þvottavatn og vatn úr niðurföllum innanhúss og niðurfalli við bílgeymslu utanhúss.

5. gr.

Afrennsli frá ofnum, afbræðslukerfum, þakvatn og annað yfirborðsvatn skal hvorki leiða í rotþró né í siturlögn hennar. Þegar hús aftengjast rotþró og tengjast í þess stað fráveitu bæjarins, sbr. 9. gr., ber húseiganda að tryggja að vatn frá þessum stöðum sé leitt í regnvatnslagnir bæjarins.

Staðsetning.

6. gr.

Staðsetja skal rotþró og tilheyrandi siturlögn og/eða sandsú innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 5 m. Fjarlægð frá þró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minni

en 5 m. Verði siturlögn eða sandsíu ekki komið fyrir innan lóðar viðkomandi húseignar getur byggingarfulltrúi, að fengnu samþykki heilbrigðisfulltrúa, heimilað annað fyrirkomulag ef samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa liggur fyrir.

7. gr.

Allar lagnir vegna rotþróar skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo að þær séu ætíð frost-frjár.

Frárennsli rotþróar.

8. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn. Ef ekki er unnt að koma fyrir siturlögn í framhaldi af rotþró skal leita til sérfróðra ráðgjafa um val á lausnum til skólphreinsunar í þeim tilvikum, en notkun annarra lausna er háð skriflegu samþykki heilbrigðisnefndar.

Tenging við holræsakerfi bæjarins.

9. gr.

Húseiganda er skylt að leggja og tengja frárennislögn frá húsum á lóðinni við holræsakerfi Grindavíkurbæjar, þegar heimæð er komin inn fyrir lóðarmörk húseiganda. Húseigandi ber allan kostnað við að leggja að og tengja frárennislögn frá húsum við heimæð holræsakerfi Grindavíkurbæjar.

Rekstur rotþróar.

10. gr.

Rotþró skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni. Hreinsunaraðilar skulu hafa starfsleyfi til verksins, skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

11. gr.

Rotþró skal tæmd eftir þörfum, en þó aldrei sjaldnar en á tveggja ára fresti. Heilbrigðisnefnd getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja.

Framkvæmd hreinsunar.

12. gr.

Grindavíkurbær eða aðili á hans vegum annast hreinsun rotþróa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar.

13. gr.

Grindavíkurbær getur með samningi heimilað eiganda húseignar sem tengd er rotþró að annast sjálfur hreinsun. Hún skal framkvæmd af aðila sem hefur starfsleyfi til holræsa-hreinsunar, sbr. 10. gr. og í samningi skal kveðið á um tíðni hreinsana og skil á staðfestingarvottorðum.

Gjald.

14. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem skal standa undir kostnaði við verkið.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

15. gr.

Gjalddagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu rotþróargjalds.

16. gr.

Rotþróargjald skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rotþróargjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Málskot/viðurlög.

18. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samþykktar þessarar er heimilt að skjóta málinu til heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Að öðru leyti fer um málskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lagastoð og gildistaka.

19. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af bæjarstjórn Grindavíkur, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur þeirra húseigna sem ekki eru tengdar við holræsakerfi Grindavíkur við útgáfu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2005 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfisráðuneytinu, 13. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Öxarfjarðarhreppi 2004.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Öxarfjarðarhreppi er samþykkt í sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps með vísan til samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

Heimili á Kópaskeri	kr.	12.000 fyrir heimili
Heimili utan þorpsins	kr.	10.000 fyrir heimili
Fyrirtæki m.v eitt pokagjald á viku	kr.	15.000
Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald fyrir förgun sorps (annast sjálf leigu gáma og flutning á förgunarstað)	kr.	30.000
Sumarhús	kr.	5.000

Gjalddagar eru sömu og vegna fasteignagjalda.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps 23. janúar 2004, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt sveitarfélaga nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra samþykkti gjaldskrána þann 9. janúar 2004

Kópaskeri, 16. febrúar 2004.

Elvar Árni Lund sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 2004

24. febrúar 2004

595

Nr. 194

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskivörpu á Langanesgrunni án smáfiskaskilju.

1. gr.

Frá og með 26. febrúar 2004 eru veiðar með fiskivörpu á svæði á Langanesgrunni aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 805, 28. október 2003, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línun sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $66^{\circ} 43'80'' \text{ N} - 13^{\circ} 20'67'' \text{ V}$
2. $66^{\circ} 44'00'' \text{ N} - 13^{\circ} 02'00'' \text{ V}$
3. $66^{\circ} 42'00'' \text{ N} - 12^{\circ} 56'00'' \text{ V}$
4. $66^{\circ} 40'97'' \text{ N} - 12^{\circ} 54'01'' \text{ V}$
5. $66^{\circ} 36'88'' \text{ N} - 13^{\circ} 15'09'' \text{ V}$

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. febrúar 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið hæsnapest í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjaviðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 27. janúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 23. mars 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. febrúar 2004.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
180	11. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, Víðihlíð og svæði norðan byggðar	579
181	15. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Pingeyjarsveit	580
182	15. jan.	Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Pingeyjarsveit	580-581
183	17. feb.	Samþykkt fyrir Veiðifélagið Flóku í Borgarfjarðarsýslu	581-582
184	12. feb.	Samþykkt um fráveitur í Borgarfjarðarsveit	582-584
185	19. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi	584
186	9. feb.	Gjaldskrá fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Árborg	585
187	9. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg	586
188	15. feb.	Gjaldskrá Fljótsdalshrepps fyrir útgáfu framkvæmdaleyfa, byggingarleyfa og stöðuleyfa	586-588
189	23. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu í Rangárþingi eystra árið 2004	588-589
190	10. feb.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir byggingarleyfisgjöld í Reykjavík nr. 876/2001	589
191	13. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald á Hvolsvelli árið 2004	590
192	13. feb.	Samþykkt um rotþrær í Grindavík	591-593
193	16. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Öxarfjarðarhreppi 2004	594
194	24. feb.	Reglugerð um bann við veiðum með fiskivörpu á Langanesgrunni án smáfiskaskilju	595
195	24. feb.	Auglýsing um bann við innflutningi frá Bandaríkjum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza)	596

